

Nd.

341. Frumvarp til laga

[152. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1957, um dýravernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Á undan 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að reka hvali á land, nema fullvist sé, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Við rekstur og deyðingu slíkra hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Komið hefur fyrir, að hvalir hafa verið reknir hér á land án þess að unnt hafi verið að hagnýta þá.

Samband dýraverndunarfélaga Íslands beindi því til sjávarútvegsmálaráðuneytisins að láta endurskoða lög nr. 26/1949, um hvalveiðar, til að fá tekið inn í þau lög ákvæði, sem banni að hvalir séu reknir á land.

Samkvæmt lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, má banna að veiða tiltekna hvalategundir, en þau lög heimila hins vegar ekki bann við þeirri veiðiaðferð að reka hvali á land. Taka lögin fyrst og fremst til hvalveiða, sem stundaðar eru sem fastur atvinnurekstur, en þar sem bann við því að reka hvali á land byggist fyrst og fremst á mannúðarsjónarmiði, þá þykja slík ákvæði, eðli málsins samkvæmt, eiga betur heima í lögum um dýravernd. Hefur sjávarútvegsmálaráðuneytið vísað máli þessu til menntamálaráðuneytisins, sem fer með dýraverndunarmál.

Samkvæmt frumvarpi þessu er áfram heimilt að reka hvali á land, ef full vissa er fyrir því, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Ef slík skilyrði eru ekki fyrir hendi, er veiðin óheimil. Þykir sjálfsagt að stemma stigu

við því svo sem unnt er, að hvalir séu reknir á land án þess að aðstæður séu til þess að nýta veiðina.

Hér fara á eftir, sem fylgiskjöl I—III, bréf Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, dags. 28. marz 1967, bréf sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags. 10. apríl 1967, og umsögn dr. Finns Guðmundssonar, forstöðumanns dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 17. apríl 1967.

Fylgiskjal I.

SAMBAND DÝRAVERNDUNARFÉLAGA ÍSLANDS

Reykjavík, 28. marz 1967.

Stjórn Sambands Dýraverndunarfélaga Íslands (SDÍ) leyfir sér hér með, samkvæmt samþykkt síðasta aðalfundar SDÍ, að beina þeirri beiðni til hins háa sjávarútvegsmálaráðuneytis að láta endurskoða lög nr. 26 frá 1949 um hvalveiðar og fá inn í löginn bann við rekstri hvala á land.

Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að á undanförunum árum hafa átt sér stað mjög ómannúðlegir rekstrar hvala upp í fjörur eða inn í hafnir.

Deyðing og skurður dýranna hefur í hæsta máta verið grimmdarlegar aðfarir. Nýting afla hefur í öllum tilfellum engin orðið, svo dýrin hafa verið felld öllum að nauðsynjalausu og engum að gagni.

Má í þessu sambandi vísa til hvalarekstra, sem áttu sér stað í Vopnafirði, Dalvík, Vestmannaeyjum og nú síðast í Reykjavík í ágúst 1966.

Virðingarfyllt,

Þorbjörn Jóhannesson. Þorst. Einarsson.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SJÁVARÚTVEGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 10. apríl 1967.

Ráðuneytið sendir menntamálaráðuneytinu hér með ljósrít af bréfi Sambands Dýraverndunarfélaga Íslands, dags. 28. f. m., þar sem farið er fram á, að lög nr. 26 1949, um hvalveiðar, verði endurskoðuð með það fyrir augum að banna rekstur hvala á land.

Út af þessu tekur ráðuneytið fram, að samkvæmt lögum nr. 26 1949, um hvalveiðar, er hægt að banna að veiða tiltekna hvalategundir, en hins vegar heimila löginn ekki bann við þeirri veiðiaðferð að reka hvali á land. Taka löginn fyrst og fremst til hvalveiða, sem stundaðar eru sem fastur atvinnurekstur. Ef rétt þætti að banna að reka hvali á land, myndi slíkt bann byggjast á mannúðarsjónarmiðum og ætti þá eðli málsins samkvæmt heima í dýraverndunarlögum.

Með því að menntamálaráðuneytið annast meðferð mála um dýraverndun, sendist því þetta erindi hér með til frekari athugunar.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

Til menntamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal III.

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ

Hrísey, 6. maí 1967.

Hið háa ráðuneyti hefur með bréfi, dags. 17. f. m. (Db. :D-2), óskað um-
sagnar minnar um erindi Sambands Dýraverndunarfélaga Íslands, þar sem þess er
farið á leit, að í lög nr. 26/1949, um hvalveiðar, verði tekið upp ákvæði, sem banni
að hvalir séu reknir á land.

Svo virðist sem það hafi fleirum sinnum komið fyrir hér á landi á síðari
árum, að hvalir hafi verið reknir á land, án þess að nokkur möguleiki hafi verið
fyrir hendi til að nýta afurðir þeirra. Auðvitað er slíkt algerlega óréttlætanlegt, og
ég er því mjög andvígur því að slíkt sé leyft. En hins vegar getur aðstaða verið
fyrir hendi til að nýta afurðir hvala, sem reknir eru á land, og því er ég efins um,
hvort rétt væri að banna hvalarekstra undantekningarlaust. Ég myndi því leggja
til, að ákvæði um þetta efni verði orðuð þannig, að óheimilt sé að reka hvali á
land, nema full vissa sé fyrir hendi um, að hægt sé að gera sér mat úr afurðum þeirra.
Það hlýtur að vera hægt að koma í veg fyrir, að ómannúðlegar aðferðir verði við-
hafðar í sambandi við deyðingu og skurð slíkra hvala.

Virðingarfyllst,

Finnur Guðmundsson.

Menntamálaráðuneytið,
Stjórnarráðshúsi,
Reykjavík.